

Áhrif afrennslis á strandstauminn umhverfis Ísland

Sæunn Halldórsdóttir¹, Haraldur Ólafsson¹, Halldór Björnsson², Jón Ólafsson^{1,3} og Einar Örn Ólason¹. saeunnh@hi.is

1) Háskóli Íslands, 2) Veðurstofa Íslands, 3) Hafrannsóknastofnunin

Hafstraumalíkanið MOM (Modular Ocean Model) er notað til að reikna hafstrauma umhverfis Ísland með og án afrennslis af landi. Afrennslid veldur veikum straumi á landgrunninu sem rennur réttisælis umhverfis landið. Afrennslid hefur einnig áhrif á hitadreifingu á landgrunninu. Hlýnun verður á svæðum fyrir norðan land, kólnun á svæðum norðaustur af landinu en annarstaðar eru lítil eða engin greinanleg áhrif. Þessar breytingar á sjávarhita eru í samræmi við aðstreymi vegna strandstraumsins.